



Matvælaráðuneytið,
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Sent í samráðsgátt þann 22.03.22

Reykjavík, 22. mars 2022

Efni: Umsögn NASF á Íslandi um: „Áherslur og verklag við stefnumótun á sviði matvæla“, Mál nr. 49/2022

Umsagnaraðili

NASF á Íslandi, kt. 601217-2440, með skráð aðsetur að Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, er náttúruverndarsamtök sem hafa vernd Norður-Atlantshafslaxins að meginmarkmiði. Formaður NASF á Íslandi er Friðleifur Egill Guðmundsson, kt. 180680-6169 og framkvæmdastjóri er Elvar Friðriksson kt. 111189-2349.

NASF á Íslandi (hér eftir „NASF“) stendur fyrir North Atlantic Salmon Fund og er afsprengi Verndarsjóðs villtra laxastofna, sem Orri Vigfússon heitinn stofnaði og rak í 27 ár.

Umsögn

Það skal tekið fram að umsögn NASF fjallar eingöngu um 4.kafla, Fiskeldisstefna.

NASF fagnar því að matvælaráðuneytið ætli nú að ráðast í þessa umfangsmiklu vinnu. Það er ljóst að fiskeldisíðnaðurinn, og þá sérstaklega sjókvíaeldið hefur vaxið mun hraðar en regluverkið í kringum hann hér á landi. Undanfarið hefur borið á stórslysum í sjókvíaeldi. Laxadaði, lús, sjúkdómar, þörungablómi og gat á kvíum. Þó virðist enginn bera ábyrgð þegar þessi mál koma upp og er eftirliti háttáð þannig að eftirlitsaðilar treysta nær alfarið á innra eftirlit sjókvíaeldisfyrirtækja. Sveitarfélögin þar sem sjókvíaeldi er stundað eru ekki sátt með þann skerf sem þau fá og engin sátt ríkir milli náttúruverndarsinna og sjókvíaeldisfyrirtækja. Þar af leiðandi er afar ánægjulegt að það eigi að ráðast í þessa miklu endurskoðun og endurskipulagningu.

NASF vill koma því á framfæri að það er mikilvægt að huga vel að nýsköpun og umhverfisvænum lausnum á næstu árum. Framtíð fiskeldis felst ekki í opnum sjókvíum. Það er eitthvað sem jafnvel forstjórar móðurfélaga íslenskra fiskeldisfyrirtækja eru farnir að segja í fjölmiðlum. Nú þegar það á að ráðast í þessa vinnu er því mikilvægt að leggja áherslu á að greiða götuna fyrir nýja tækni, sem ekki losar úrgang beint í sjó, hefur enga laxalús og enginn fiskur sleppur úr. Þetta getur verið í formi efnahagslegra hvata eða einhvers annars. Ekki síst fagnar NASF því orðalagi sem birtist í stjórnarsáttmála sem og greinargerð þeirri sem fjallað er um hér, þ.e. „mikilvægi þess að greinin byggist upp á grundvelli sjálfbærni, vísindalegrar þekkingar og verndar villtra laxastofna.“

Þetta orðalag er mikil framför og það er von NASF að staðið verði við þessi orð. Þar af leiðandi gerir NASF þá kröfu að friðunarsvæði, þar sem ekki má stunda sjókvíaeldi verði stækkað þannig að Eyjafjörður og Öxarfjörður falli þar undir og að friðunarsvæðin verði fest í lög. Að hafa friðunarsvæði í formi auglýsingar og í raun eitthvað sem ráðherra getur breytt samræmist ekki orðalaginu hér að ofan.

Stjórnsýsluúttekt

Það er stórt og jákvætt skref að ríkisendurskoðun ætli nú að framkvæma stjórnsýsluúttekt á málefnum fiskeldis. NASF vill ítreka hversu mikilvægt það er að frjáls náttúruverndarsamtök fái sæti við borðið í ráðgjafahóp. Einnig er mikilvægt að vinna náið með Landssamband Veiðifélaga (LV) í þessu starfi. Þúsundir Íslendinga treysta á hlunnindi og tekjur sem skapast út af laxveiðum. Sjókvíaeldi er stærsta ógnin við villta laxastofna, og því ekki aðeins mikilvægt að hagsmunir villta laxastofna séu varðir, heldur einnig hagsmunir allra þeirra sem treysta á þessi hlunnindi og tekjur.

NASF hefur sérhæft sig í verndunarstarfi og öllu sem varðar villta laxastofna í yfir 3 áratugi. Við viljum því bjóða fram aðstoð okkar í þessum mikilvæga málaflokki.

Neytendur og merkingar á matvælum

Neytendur eru að verða sífellt meðvitaðari um uppruna og umhverfisáhrif matvæla. NASF vill því nýta þetta tækifæri til að koma á framfæri nokkrum tillögum sem vonandi verða teknar til greina í næstu skrefum stefnumótunar á sviði matvæla / fiskeldis.

Nokkuð hefur borið á því að eldislax hafi verið merktur sem „umhverfisvænn“, „sjálfbær“, „eco-friendly“ og „náttúrulega alinn“. Það ætti að vera skilyrðislaus krafa stjórnvalda að matvælaframleiðendur merki ekki vöru sína á þennan hátt nema að hægt sé að sanna þessar

fullyrðingar. Vissulega er þetta algeng brella hjá mörgum þeim sem framleiða matvöru til að gera vöruna meira aðlaðandi í matvörubúð, en krafan um áreiðanlegar uppruna- og framleiðslumerkingar er að verða sífellt strangari. Á sama hátt ætti að vera skylda að merkja hvort lax komi úr sjókvíaeldi eða landeldi. Neytendur ættu að hafa mjög auðvelt aðgengi að upplýsingum er snúa að umhverfisáhrifum vörunnar. Mætti þar til dæmis nota QR kóða sem gæfi upplýsingar um magn af laxalús, afföll, slysasleppingar, sjúkdóma og fleira sem fylgir sjókvíaeldi.

Mikið af eldislaxi er vottaður með ASC vottun, og NASF hvetur stjórnvöld til að kynna sér betur hvort það teljist fullnægjandi, ef að það á að ráðast í metnaðarfulla matvælastefnu á annað borð. Sem dæmi er norskur eldislax sama dýr og villtur íslenskur lax í augum ASC. Þar af leiðandi gerir staðallinn enga athugasemd við það hve mikil áhrif erfðablöndun getur haft á villtan lax. Einnig er ASC fjármagnað þannig að eldisfiskurinn er seldur með ASC vörumerkinu og ASC fær svo tekjur af því. Það er því mikill hvati fyrir ASC að horfa í hina áttina ef fyrirtæki eru ekki að mæta öllum kröfum staðalsins. Fjölmörg dæmi eru um það að fyrirtæki sem eiga sér slæma sögu hvað varðar sleppingar, mengun, laxalús, eiturefnanotkun og sjúkdóma geti samt sem áður fengið ASC vottun á sína vöru. NASF vonar að matvælaráðherra geri þá kröfu að ef merkja á vöru sem sjálfbæra eða umhverfisvæna þá þarf að vera hægt að standa við þá fullyrðingu.

Að lokum vill NASF hrósa matvælaráðherra og matvælaráðuneytinu fyrir seinustu málgrein fiskeldisstefnunar. Nánar til tekið:

„Á meðan vinnu að stjórnsluúttekt og stefnumótun er beðið verður dregið úr útgáfu nýrra leyfa til fiskeldis.“


og

„Úrbætur á sviði eftirlits, rannsókna og stjórnslu þola ekki bið og er lagt til að fjármunir til þessara þátta verði auknir þegar á þessu ári til að þoka þessum málum til betri vega.“

Þetta eru svo sannarlega skref í rétta átt og NASF vill ítreka þá nauðsyn að eftirlit, rannsóknir og stjórnslu sé óháð og hliðholl náttúrunni.

NASF þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri athugasemdum sínum um tillöguna. Það er okkar von að innihald þessarar umsagnar verði tekið efnislega fyrir. Jafnframt býður NASF fram aðstoð sína við ráðgjöf í þessum mikilvæga málaflokki.

Virðingarfyllst,



f.h. NASF á Íslandi
Elvar Örn Friðriksson